

Umsókn um starfsleyfi

Nesbik ehf sækir hér með um starfsleyfi fyrir olíubirgðastöð (stungubik):

Umsækjandi: Nesbik ehf

Heimilisfang: Krossanes 9 Akureyri, landnr.216639

Kennitala: 681207-2520

Sótt er um heimild til móttöku, geymslu og afhendingu á bikbindiefnum sem eru aðallega notuð til vegagerðar.

Í samræmi við 10.grein reglugerðar 785/1999 með síðari breytingum, um starfsleyfi sem getur haft í för með sér mengun, eru eftirfarandi upplýsingar veittar:

10.a: Lýsing á tegund atvinnurekstar, umfang hans og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á og upprætti af staðsetningu.

1.Tegund atvinnurekstrar: Móttaka, geymsla, sala og afhending á stungubiki/þjálbiki. Geymsla á lífolíu(Ethyl Ester) og TPH(viðloðunarefni).

2.Umfang atvinnureksturs:

- Stungubik: Stungubiksgeymir er einn og rúmar 2000 tonn af stungubiki.
- Lífolía: Tveir 50 tonna geymar láréttir eru notaðir undir lífolíu (Ethyl Ester)
- Þjálbik: Þjálbik er blanda stungubiks og lífolíu og er afhent beint á tankbíla.
- TPH: Viðloðunarefni í stungubik, er geymt í 1000l plastkörum á vinnsluvæði.
- Starfsemin fer að mestu leyti fram á sumrin (maí til október) og starfar einn starfsmaður að jafnaði.


3.Staðsetning: Nesbik ehf er staðsett að Krossanesi 9, Akureyri, á svæði Krossanes.



Mynd 1. Staðsetning

10.b: Afrit af staðfestu deiliskipulagi.

Deiliskipulag var samþykkt 8.apríl 2008 og síðast breytt 4.ágúst 2011. Í viðhengi má sjá skipulagsupprátt.



Mynd 2. Stækkuð mynd úr deiliskipulagi

10.c: Lýsing á staðháttum við vinnslustað.

1. Lóð og mannvirki: Stærð lóðar er 3167,4 m². Stöðvarhús er á einni hæð og er 70m². Einn geymslutankur er fyrir stungubik(T1) og tveir lárfóliu(T2 og T3). Steinsteyptur veggur er að hluta kringum lóðina en annars er jarðmön umhverfis lóðina, 1,5m að hæð. Steypt þró er í kringum lífólíutankana T2 og T3, 1,5m að hæð. Inngangur á svæðið er yfir 1.5m háa hækkun (yfir malarbrekku. Svæðið er þannig allt ein stór lekaþró fyrir stungubikið.



Mynd 3. Staðhættir

2. *Geymsla og afhending stungubiks:* Tekið er á móti stungubiki frá tankskipum í gegnum löndunarlögn sem liggur austan við lóð að Krossaneshöfn.

3. *Afhending Stungubiks og þjálbiks:* Stungubiki er dælt beint á bíla en þjálbik er blandað beint úr tönkum um leið og dælt er á bíla.

10.d: Upptalning á hráefnum og hjálparefnum, öðrum efnum og þeirri orku sem er notuð eða framleidd.

1. *Hráefni:*

- Stungubik
- Lífolía (Ethyl Ester)
- TPH (viðlöðunarefni)

2. *Orkunotkun:* Geymar og lagnir eru hituð upp með rafmagn. Það sama gildir um dælar, lýsingu og annan búnað í olúbirgðastöð.

10.e: Lýsing á uppruna, eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg og greinargerð um áhrif losunar á umhverfið.

1. *Losun:* Öll losun fer í fráveitukerfi Akureyrarbæjar, meðal annars í gegnum niðurföll á lóð.

2. *Áhrif losunar á umhverfi:* Ekki er talið að starfsemi olúbirgðastöðvarinnar hafi í för með sér losun úti andrúmsloftið né út í jarðveg.

10.f: Lýsing á þeim mengunarvörnum sem valdar eru til að hindra eða draga úr losun.

1. *Frárennsli:* Frárennsli er leitt í gegnum viðurkennda olú- og sandskilju. Við ákvörðun stærðar og gerðar var tekið mið af leiðbeiningum nr.2, olúskiljur, 2.útg. Nóv 1995 frá Hollustuvernd ríkisins

2. *Lekaþrær:* Lóð olúbirgðastöðvar er skilgreind sem ein lekaþró, umhverfis lóð er jarðmön, einnig er steinsteypt að hluta. Lekaþróin var hönnuð til að rúma tvo 2000 tonna tanka en aðeins einn er á svæðinu.

3. *Aðrar mengunarvarnir:* Almenn eftirlit er með leka og öðrum umhverfisþáttum í starfsemi.

10.g: Lýsing á áætlun aðgerðar til að fylgjast með losun út í umhverfið.

1. *Olúskilja:* Árlegt eftirlit er með olú- og sandskilju en ekki hefur verið haldið utan um skráningar. Mælingar á magni fitu og svifagna verða framkvæmdar árið 2014, og skiljan hreinsuð og tæmd

2. *Geymar:* Geymar eru einungis 6 ára gamlir en stefnt er að þykktarmælingum á 10 ára fresti skv. Reglugerð 35/1994 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi í landi.

3. *Almennt eftirlit:* Stefnt er að reglubundnu eftirliti með þeim þáttum sem lúta að losun í umhverfið.

10.h: Lýsing á tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið.

Ekkert innra eftirlit hefur verið vegna losunar út í umhverfið en verður sett á vegna olúskilju árið 2014.

10.i: Lýsing á ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs ásamt upplýsingum og lýsingu á ráðstöfunum um endurnýtingu úrgangs, ef þörf er á.

- 1. Almennur úrgangur:* Almennum úrgangi er safnað saman í þar til gerð ílát og flutt að starfsstöð að Óseyri 8 þar sem tæming fer fram reglulega.
- 2. Spilliefni:* Ekki myndast mikið af spilliefnum frá olíubirgastöð, en það sem fellur til er flutt í ílátum að starfsstöð Óseyri 8 þar sem úrgangsolíutankur er tæmdur reglulega.
- 3. Almennar ráðstafanir:* Góð umgengi og hirðusemi.
- 4. Endurnýting úrgangs:* Hefðbundinn úrgangur sem fellur til er ekki endurnýtanlegur hjá Nesbiki ehf. Stungubik sem fellur til er safnað saman í 1000l tank/kar (IBC) og sent til Malbikunarstöðvarinnar Hlaðbæjar- Colas (MHC) í endurvinnslu. Efni sem fellur til og ekki er hægt að endurvinna hjá MHC er sett í förgun hjá viðurkenndum fyrirtækjum sem taka við spilliefnum.

10.j: Lýsing á tegundum og magni úrgangs, þmt spilliefni.*1. Tegund úrgangs:*

- Hefðbundinn úrgangur sem fellur til við almenna starfsemi er óflokkaður.
- Stungubik sem úrgangur er fluttur í endurvinnslu hjá MHC.
- Þjálbik sem úrgangur er endurunnið á staðnum.
- Annar úrgangur sem flokkast sem spilliefni er fluttur í spilliefnamóttöku.

2. Magn úrgangs: Ekki eru gerðar magnmælingar á úrgangi.**Viðauki 1. – afriti af deiluskipulagi**

Ef óskað er eftir frekar upplýsingum hafið samband við undirritaðann.

Virðingarfyllt,

Jón Smári Sigursteinsson

Sviðs-og gæðastjóri

Nesbik ehf.